


Borgað þegar hent er - innleiðingarverkefni

Uppgjörsfundur verkefnis 10. apríl 2024

Hugrún Geirsdóttir

sérfræðingur í umhverfisteymi Sambands íslenskra sveitarfélaga



Dagskrá

1) Opnun fundar og stutt yfirlit

2) *Empowering Residents to Reduce and Save through 'Pay As You Throw'*-
Xiaoling Yu, umhverfisfulltrúi hjá Sveitarfélaginu Hornafirði


3) *Borgað þegar hent er í Hafnarfjarðarbæ* - **Ishmael Roberto David,**
verkefnastjóri umhverfismála hjá Hafnarfjarðarbæ –

4) *Gjaldtaka á söfnunarstöð – áskoranir og útfærslur*- **Ágúst Þór Bragason,**
deildarstjóri þjónustumiðstöðvar hjá sveitarfélaginu Árborg

5) Umræður og lokaorð



Framvinda verkefnisins 2022-2024



Afurðir verkefnisins

- ❖ Handbók um úrgangsstjórnun sveitarfélaga (3. útg. væntanleg í maí 2024)
- ❖ Skýrsla um greiningu á útfærslum – unnin af Eflu fyrir sambandið
- ❖ Borgað þegar hent er hraðall – minnisblað um verkefni sambandsins
- ❖ Breyting gjaldskráa vegna BPHE - minnisblað
- ❖ Innleiðingarferill
 - ❖ Átta skref við að innleiða BPHE
- ❖ Texti til kynningarmála
- ❖ Góð ráð við gjaldskrárgerð
- ❖ Efni af fundum nýtt í Spurt & svarað





ÁTTA SKREF TIL AÐ INNLEIÐA BÞHE

Borgað þegar hent er (BÞHE) miðar gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs við magn og gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs eða aðra þætti sem hafa áhrif á kostnað. Gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eru almennt innheimt samhliða fasteignagjöldum í gegnum álagningarkerfi HMS. Í álagningarkerfinu má útfæra gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs þannig að þau miðist við fjölda og stærð íláta og flokkum úrgangs við hverja fasteign innan ákveðins staðfangs. Hér er ferlið við að útfæra gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs samkvæmt BÞHE í gegnum álagningarkerfi fasteignagjalda útskýrt í átta skrefum.

<p>01.</p> <p>Beiðni send til HMS um að fá senda staðfangaskrá sveitarfélags til að geta skráð ílát niður á staðföng.</p> 	<p>02.</p> <p>Sveitarfélag framkvæmir ílátatölningu eftir stærð og tegund íláta niður á staðföng.</p> 
<p>03.</p> <p>Þegar ílátatölningin er tilbúin er hún færð inn í álagningarkerfið. Vandræðastaðföng kortlögð og leið fundin til að færa þau í kerfið.</p> 	<p>04.</p> <p>Endurskoðun fer fram á samþykkt og gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs.</p> 
<p>05.</p> <p>Útgjaldaliðum er skipt í breytilegt og fast gjald. Breytilegir útgjaldaliðir mega vera 75% kostnaðar og fastir útgjaldaliðir 25% kostnaðar.</p> 	<p>06.</p> <p>Þegar gjaldskrá hefur verið samþykkt eru gjaldskráliðir færðir inn í álagningarkerfið. Auglýsa þarf gjaldskrá í Stjórnartíðindum og á vef sveitarfélags.</p> 
<p>07.</p> <p>Útbúa þarf verkferla vegna þjónustu við breytingar á ílátum.</p> 	<p>08.</p> <p>Upplýsa og kynna þarf breytingar á innheimtu fyrir íbúum. Kostnaðarupplýsingar eru gerðar aðgengilegar á vef sveitarfélags.</p> 



Skilgreiningar

Staðfang: Inniheldur upplýsingar um staðsetningu mannvirkja og annarra áfangastaða. Hugtakið nær yfir götuheiti og húsnúmer, sérheiti byggingar og landfræðilega staðsetningu, hvort sem um er að ræða heimili, aðsetur fyrirtækja eða staðsetningu á t.d. fjarskiptamastri.

Ílátatölning: Skráning á samsetningu og fjölda íláta hjá hverri fasteign innan ákveðins staðfangs.

Vandræðastaðfang: Staðfang sem er frábrugðið við skráningu á samsetningu og fjölda íláta, t.d. þar sem fleiri en eitt staðfang notast við sömu ílát, staðfang sem er að hluta skráð sem atvinnuhúsnæði, eignir sem hafa ekkert skráð flatarmál o.s.frv.

Breytilegt gjald: Gjald við meðhöndlun úrgangs sem miðast við magn og gerð úrgangs, losunartíðni, frágang eða aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs. Borgað þegar hent er kerfi er innheimta þar sem gjöld eru breytileg. Breytilegt gjald á að vera 75% af innheimtum kostnaði sveitarfélags frá og með árinu 2025.

Fast gjald: Gjald við meðhöndlun úrgangs sem notandi getur ekki haft áhrif á. Fast gjald á að vera 25% af innheimtum kostnaði sveitarfélags frá og með árinu 2025.

Af hverju Borgað þegar hent er?

- Tryggir betri kostnaðarþátttöku þeirra sem skila mestum úrgangi
- Dregur úr myndun úrgangs
- Er hvati til aukinnar flokkunar til endurnýtingar og endurvinnslu
- Eykur kostnaðarvitund og gegnsæi í málaflokki úrgangsmála



Leiðbeiningar
við
gjaldskrárgerð

Segið okkur
hvað ykkur
finnst!

Góð ráð við gerð gjaldskráa vegna meðhöndlunar úrgangs



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Inngangur

Sveitarstjórnir skulu innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjaldið skal ákveða í gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Við ákvörðun gjaldskrár vegna meðhöndlunar úrgangs á að gera ráð fyrir því að raunverulegur kostnaður sé innheimtur af handhöfum úrgangs sem leiðir af meðhöndlun hans. Ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 skera sig frá öðrum lagaheimildum þar sem sveitarfélögum er almennt heimilað að innheimta þjónustugjöld fyrir hluta eða allri veittri þjónustu en þeim er það aftur á móti ekki skylt.

Þetta skjal er ætlað að veita leiðbeiningar um gerð gjaldskráa vegna meðhöndlunar úrgangs eftir að lög nr. 103/2021 komu til framkvæmda 1. janúar 2023. Við gerð þessa skjals var stuðst var við leiðbeiningar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um álagningu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs og er samtökunum færðar þakkir fyrir að veita sambandinu heimild til að nýta þá vinnu.

Nokkur atriði um innheimtu vegna meðhöndlunar úrgangs



Greining á útfærslum BPHE

Fyrir liggur skýrsla sem ráðgjafafyrirtækið Efla vann fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga sem sýnir að innheimta eftir stærð og fjölda íláta, svokölluð rúmmálsleið, er einfaldasta leiðin til að innleiða BPHE kerfi við innheimtu. Rúmmálsleiðin mun uppfylla kröfur lagabreytinganna og krefst þess að sveitarfélög kortleggji fjölda og stærð íláta og útfæri gjaldskrá í takt við BPHE kerfi.



BPHE hraðall

Sambandið hefur umsjón með tilraunaverkefni *BPHE hraðall* og markmiðið er að klára að innleiða það með þáttökusveitarfélögum fyrir áramót svo að búið verði að fá reynslu á þetta nýja innheimtufyrirkomulag og kortleggja hvað felst í því að innleiða það.

„Borgað þegar hent er hraðallinn“ hefur það að markmiði að aðstoða sveitarfélög að innleiða nýjar lagakröfur um breytingar á innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs, svokallaðra sorphirðugjalda. Reynslan sem hlýst af verkefninu mun hafa þýðingu fyrir öll sveitarfélög en eftir áramót ber þeim að tryggja að greitt sé í samræmi við magn og tegund úrgangs sem til fellur hjá viðkomandi úrgangshafa, bæði hjá íbúum og sveitarfélögum.

Afurðir verkefnisins

Í þessum hluta átakans urðu til ýmis gögn sem verða sveitarfélögum til stuðnings í innleiðingu BPHE. Hér fyrir neðan eru helstu gögn er varða breytta innheimtu sveitarfélaga.

- Lagabreytingarnar
-  Handbók um úrgangsstjórnun sveitarfélaga
-  Borgað þegar hent er hraðall - minnisblað um verkefni sambandsins, í samstarfi við HMS, Ísafjarðarbæ, Grímsnes- og Grafningshrepp - jan. 2023
-  Skýrsla um greining á útfærslum Borgað þegar hent er kerfa sem Efla vann fyrir sambandið
-  Borgað þegar hent er heim í hérað - glærur frá KPMG
-  BPHE hraðallinn - glærur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Vinnustofa sambandsins um Borgað þegar hent er.
-  Góð ráð við gerð gjaldskráa vegna meðhöndlunar úrgangs
-  Texti til kynningarmála
-  Átta skref til að innleiða BPHE

Stórt verkefni - skammur tími til stefnu



Borgað þegar hent er kerfi



70% landsmanna býr við Borgað þegar hent er innheimtu árið 2024

Erum með svokallað *Basic PAYT* kerfi samkvæmt skilgreiningu Umhverfisstofnunar Evrópu sem er BPHE kerfi sem miðar við rúmmál og hirðutiðni.

Advanced PAYT er kerfi sem miðar að þyngd og tegund úrgangs eða tegund og stærð poka sem notandi kaupir.



Ísland miðað við lönd innan ESB

Tekið úr grein EEA, "[Economic instruments and separate collection systems – key strategies to increase recycling](#)", birt 8.6.2023

Table 2. Overview of the type and population coverage of PAYT systems for households in the EU-27, 2022

		Type of PAYT system in place		
		Mixed advanced/Basic	Basic	No PAYT
Population coverage of the PAYT system	High	Austria Belgium Croatia Ireland Slovenia	Finland Hungary Sweden	
	Medium	Denmark Lithuania Luxembourg Romania	Estonia Ísland?	
	Low	Czechia Germany France Netherlands Slovakia	Spain Italy	
Plans for implementation of PAYT				Cyprus Greece Malta
No plans for implementing PAYT				Latvia Poland Portugal



Breytileg og föst gjöld

Til ársins 2025

Fast gjald

Breytileg gjöld



Frá og með 2025

Fast gjald

Breytileg gjöld



Af hverju Borgað þegar hent er?

- ❖ Tryggir betri kostnaðarþátttöku þeirra sem skila mestum úrgangi
- ❖ Dregur úr myndun úrgangs
- ❖ Er hvati til aukinnar flokkunar til endurnýtingar og endurvinnslu
- ❖ Eykur kostnaðarvitund og gegnsæi í málaflokki úrgangsmála

